

STARFSLEYFI

Sorpstöð Rangárvallasýslu bs.

Gámastöð

við enda Langasands,
850 Hella

kt. 600893 2469

Nafn og kt. rekstraraðila: **Sorpstöð Rangárvallasýslu bs., kt. 600893 2469**
Heimilisfang: **Suðurlandsvegi 1, 850 Hella**

Útgáfudagur: 5. desember 2018

Gildir til: 5. desember 2030

Starfsleyfi þetta er gefið út skv. ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br., laga nr. 93/1995 um matvæli m.s.br., þegar um matvæli er að ræða og efnalaga nr. 61/2013 eftir því sem við á. Leyfishafi skal hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða settum skv. þeim sem um starfsemina kunna að gilda.

**Leyfið er einnig gefið út með neðangreindum starfsleyfisskilyrðum:
Fyrir Sorpstöð Rangárvallasýslu bs. vegna gámastöðvar á Hellu
dags. 5. desember 2018**

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi, nema að nýr rekstraraðili sæki um að leyfið færist yfir á hans nafn. Ef fyrirtækið hættir rekstri skal það tilkynna með formlegum hætti til Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og fellur starfsleyfið þá úr gildi.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess.

Starfsleyfið skal hanga uppi á áberandi stað.


Starfsleyfið er gefið út til 12 ára en heimilt er að endurskoða það ef breytingar verða á starfsemi, rekstri eða staðsetningu að mati útgefanda. Endurskoða skal jafnan starfsleyfi á fjögurra ára fresti.

Starfsleyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld skv. gildandi gjaldskrá.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands

Austurvegi 65, 800 Selfoss kt. 480284 0549 Sími 480 8250

Selfossi, 5. desember 2018



Sigrún Guðmundsdóttir
framkvæmdastjóri



STARFSLEYFISSKILYRÐI

Sorpstöð Rangárvallasýslu bs.

v/gámastöðvar

kt. 600893 2469

við enda Langasands, 850 Hella

1. ALMENN ÁKVÆÐI, MARKMIÐ OG GILDISSVIÐ

1.1 Starfsleyfisaskilyrði þessi eru gefin út af Heilbrigðiseftirliti Suðurlands í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br. og reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit.

Eintak af starfsleyfi og starfsleyfisaskilyrðum skal ávallt vera tiltækt á vinnustað.

1.2 Starfsleyfishafi ber ábyrgð á rekstri fyrirtækis síns og er skylt að fara eftir lögum og reglugerðum sem um starfsemina gilda á hverjum tíma og eftir því sem nánar er fyrir mælt í starfsleyfisaskilyrðum þessum.

1.3 Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur eftirlit með ofangreindri starfsemi starfsleyfishafa samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br. og ákvæðum reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit.

1.4 Markmið starfsleyfisaskilyrða þessara er að koma í veg fyrir mengun og stuðla að heilnæmu og hreinu umhverfi.

1.5 Starfsleyfisaskilyrði þessi gilda fyrir rekstur gáma- og móttökustöðvar Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. í ofangreindri starfstöð fyrirtækisins. Ef starfsleyfishafi er með annan starfsleyfisaskyldan rekstur samhliða ofangreindri starfsemi gilda um hann viðeigandi starfsleyfisaskilyrði.

Heimilt er að taka á móti og geyma til skamms tíma:

- almennan heimilisúrgang frá almenningi.
- almennan garðaúrgang og trjáafklippur.

Einnig er heimilt að taka á móti brotajárni, raf- og raftækjaúrgangi, rafhlöðum og öðrum hættulitlum úrgangi frá almenningi í takmarkaðan tíma á meðan á skipulögðu hreinsunarátaki á vegum sveitarfélagsins stendur.

Óheimilt er að taka á móti, meðhöndla eða geyma:

- úrgang frá fyrirtækjum.